

Umhverfisráðuneytið  
Jón Geir Pétursson  
sérfræðingur  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 01. september 2010  
2010080014/42-0  
TB  
jgo/tb

### Rannsóknaleyfi Suðurorku hf vegna Skaftárvirkjunar

Vísað er til tölvupósts frá umhverfisráðuneytinu, dags. 11. ágúst sl., þar sem ráðuneytið óskar eftir álti Náttúrufræðistofnunar Íslands um rannsóknaleyfi sem Suðurorka hf. sótti um til Iðnaðarráðuneytisins fyrr á þessu ári. Í febrúar sl. gaf umhverfisráðuneytið umsögn um beiðni Suðurorku hf. á rannsóknarleyfi vegna fyrirhugaðrar Skaftárvirkjunar. Ekki var þá óskað eftir álti fagstofnana ráðuneytisins eins og starfsreglur segja til um. Rétt er að það komi fram að rannsóknaleyfi fyrir rannsóknir á vatnasviðum Skaftár og Tungufljóts í Skaftártungu hefur þegar verið gefið út af Orkustofnun þann 8. júlí sl. og gildir það til 8. júlí 2020. Hvorki umsögn umhverfisráðuneytisins né rannsóknaleyfið hafa verið dregin til baka, eftir því sem Náttúrufræðistofnun er kunnugt, þrátt fyrir að málið hafi ekki fengið eðlilega umfjöllun við undirbúning þess og ákvarðanatöku sbr. framangreint.

#### *Umsögn*

Innan þess svæðis sem gefið hefur verið út rannsóknaleyfi fyrir eru fjölmög svæði, í það minnsta að hluta, sem teljast hafa hátt verndargildi. Þar af eru ein 6 svæði á náttúruminjaskrá. Svæði 705 Steinsmýraflóð, svæði 704 Grenlækur, svæði 759 Skálarheiði, Rauðhóll, Bunuhólar og Hálsagígir, svæði 706 Eldgjá og svæði 760 Grænifjallgarður. Í samþykktri náttúruverndaráætlun 2009-2013 er lagt til að vernda jarðfræðisvæði þ.e. Langasjó og nágrenni sem verður hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og er það innan rannsóknasvæðisins sem og hluti breiskjuhraunavistgerðar sem einnig er lagt til að vernda. Fyrir utan þetta liggja fyrir tillögur bæði að vernd svæða innan rannsóknasvæðisins í skipulagstillögum Skaftárhrepps og í tillögum Umhverfisstofnunar vegna náttúruverndaráætlunar 2004-2008, Skaftáreldahraun og Grenlækur - Eldvatn.

Fyrir utan framangreint hefur verið fjallað um þetta svæði í rammaáætlun. Bæði er að verkefnastjórn hefur ekki skilað niðurstöðum og frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða hefur ekki verið samþykkt og því ekki búið að taka ákvörðun um í hvaða flokk virkjun á þessu svæði fellur, nýtingar-, bið- eða verndarflokk. Þó ekki sé hægt að láta einstakar rannsóknir bíða eftir samþykkt frumvarps sem ekki er vitað hvort verði samþykkt eða ekki þá ber að benda á það að frumvarpið var og er leið til sáttá í þjóðfélaginu um vernd og nýtingu vegna hugsanlegra virkjana.

Það er engin ástæða til að lýsa náttúruverðmætum framangreindra svæða í þessari umsögn en það hefur verið gert bæði í tengslum við náttúruverndaráætlun, rammaáætlun og stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs sbr. t.d. skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands NÍ-06009 og fleiri skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands er varða vistgerðakortlagningu á svæðinu. Ljóst er að nánast allt svæðið hefur mikið verndargildi. Það er hins vegar ekki hægt að sjá þess merki hvorki í rannsóknaleyfinu né í umsögn umhverfisráðuneytisins, þó þar sé tekið fram að ráðuneytið geri ráð fyrir að rannsóknirnar valdi ekki merkjanlegum umhverfisraski eða umhverfisáhrifum. Í rannsóknarleyfinu er heldur ekki tekið tillit til framangreindrar afstöðu umhverfisráðuneytisins þvert á móti er varla hægt að lesa leyfið með öðrum hætti en að það bjóði upp á möguleika á verulegu raski við rannsóknirnar og skulu hér tekin dæmi um það.

Í 5. gr. segir að ef framkvæmdir eru matsskyldar skuli fara fram mat á umhverfisáhrifum og skipulagsskyldar framkvæmdir skuli skipuleggja. Þessi grein er óljós að því leyti að erfitt er að sjá við hvað hún á. Greinin hlýtur hins vegar að fjalla um rannsóknir því leyfið er eingöngu rannsóknaleyfi. Þ.a.l. bíður leyfið upp á rannsóknir sem eru matsskyldar og hafa þ.a.l. veruleg áhrif á náttúru og umhverfi því það er eðli matsskyldra framkvæmda.

Í 6. gr. segir að fara skuli að lögum um náttúruvernd en hins vegar segir líka að halda skuli jarðraski í lágmarki. Hvergi er fjallað um það hvað sé átt við með lágmarki. Gerir þetta ákvæði t.d. mögulegt að leggja vegslóða vegna borana þar sem leyfishafi telur sig ekki geta flutt tæki með öðrum hætti?

Í 8. gr. segir að leyfishafi skuli gæta þess að valda ekki mengun eða spjöllum á lífríki að óþörfu. Hvað þýðir að leyfisveitandi skuli gæta þess að valda ekki mengun eða spjöllum? Er það leyfishafa að meta þetta? Hvað er óþarfí í þessu sambandi? Ef leyfishafi þarf að bora á ákveðnu svæði að hans mati jafngildir það þá að ekki sé um óþarfa að ræða?

Að mati Náttúrufræðistofnunar er framangreind atriði í útgefnu rannsóknarleyfi á skjön við allt sem eðlilegt má telja í almennri náttúruvernd og að leyfisveitandinn hafi ekki tekið neitt tillit til umræðu um náttúruvernd undanfarna áratugi. Til dæmis á að mati Náttúrufræðistofnunar, ef leyfi er gefið út, að setja í leyfið mjög ströng skilyrði um hvað megi og hvað ekki og skylda leyfishafa til ákveðnar umgengni en ekki láta leyfishafa ráða því hvað hann telur vera óþarfa spjöll á lífríki eða hvað sé lágmarks rask o.s.frv. Það á t.d. að vera algjörlega skýrt hvort leyfið feli í sér leyfi til slóðagerðar. Rannsóknaráætlun Suðurorku segir ekkert um það hvernig verði staðið að rannsóknum. Um berggrunnsrannsóknir segir t.d. *Til eru berglektarkort og sprungulektarkort en ráðast þarf i boranir í stíflustæði, á gangna og skurðleiðum vegna verkhönnunar.* Nánari er lýsingin ekki.

## Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að draga eigi umsögn umhverfisráðuneytisins til baka þar sem að hún tekur ekki sérstaklega á náttúruverndarsjónarmiðum m.t.t. til umgengni um svæðið né heldur m.t.t. samþykkt Alþingis um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Jafnframt að ráðuneytið hlutist til um að Orkustofnun dragi rannsóknaleyfið til baka vegna augljórsra galla á því og væntir Náttúrufræðistofnun þess að ferlið hefjist þá að nýju og stofnunin fái ný gögn til umsagnar.

**Náttúrufræðistofnun Íslands telur að verulegir gallar séu á rannsóknaleyfinu, sem búið er að**



gefa út, það endurspegli á engan hátt umgengni um náttúruverðmæti þeirra svæða sem á að rannsaka og umgengni um svæðið. Ekki nægir að vísa í lög um náttúruvernd sem hafa takmarkað gildi nema á friðlystum svæðum og vísun í lög um mat á umhverfisáhrifum gefur tilefni til að fara megi í verulegar framkvæmdir vegna rannsóknanna. Gera má ráð fyrir að rannsóknirnar hafi áhrif á svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs og á svæði sem samþykkt hefur verið að skuli friðlýsa og gera að hluta af þjóðgarðinum. Samkvæmt kortum virðist hluti af rannsóknasvæðinu vera innan Vatnajökulsþjóðgarðs sem varla telst ásættanlegt.

Virðingarfyllst

  
Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

  
Trausti Baldursson